

Námsáætlun fyrir textílmennt - 2. bekkur
skólaárið 2025 – 2026



Kennari: Birna Petrína Sigurgeirsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku einn þriðja af skólárinu.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Verklag	-getur notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum -unnið úr nokkrum gerðum textílefna -unnið eftir einföldum leiðbeiningum	Nemendur þjálfast í að sníða, klippa og vinna með nál og þráð. Koddaverkefni- nemendur vinna koddafígúru úr lérefti, teikna á það andlit og lita með textíllitum. Hendur og fætur eru gerðar úr filtefni og saumaðar saman með þræðispori. Fugl úr neti og ullarkembu.	Kennari sinnir leiðsagnarmati við verfefnavinnu nemenda. Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu.
Sköpun, hönnun og tækni	-tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu -skreytt textílvinnu á einfaldan og skapandi hátt	Koddaverkenfi- unnið út frá eigin hugmyndum nemenda. Fuglaverkefni- nemendur búa til fugl út frá eigin hugmyndum og skreyta. Nemendur þæfa ullarkembu, gera mynd úr ullarkembunni út frá eigin hugmyndum og skreyta.	Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.

Menning og umhverfi	-notað ný og endurunnin efni í textílvinnu	Nemendur vinna verkefni úr nokkrum gerðum textílefna og læra um heiti þeira. Fuglaverkefni- fuglinn er búinn til úr plastneti undan lauk og fylltur með ullakembu.	Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum. Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.
Námsgögn: Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með bókstöfum og safna þannig á hæfnikort sitt.			